

1993 nr. 22 29. mars**Lög um Skálholtsskóla**

Tóku gildi 7. apríl 1993.

■ 1. gr.

- Skálholtsskóli er kirkjuleg menningar- og menntastofnun, í eigu þjóðkirkju Íslands og starfar á grunni fornrar skólahefðar í Skálholti og norrænnar lýðháskólahefðar.
- Kirkjuráð ber stjórnunarlega og fjárhagslega ábyrgð á rekstri skólans fyrir hönd þjóðkirkju Íslands. Gerður skal samningur um þátttöku ríkissjóðs í rekstri hans.

■ 2. gr.

- Markmið Skálholtsskóla er að efla tengsl kirkju og þjóðlífs og stuðla að sem víðtækustum áhrifum kristinnar trúar og kristinnar menningar í íslensku þjóðlífi. Skólinn skal leita ast við að efla þjóðkirkjuna, m.a. með fræðslu starfsmanna hennar.

■ 3. gr.

- Skólinn skal einkum starfa á eftирgreindum sviðum:
 - a. Guðfræðisviði.
 - b. Kirkjutónlistarsviði.
 - c. Fræðslusviði.

- Sviðin skulu nánar skilgreind í samþykktum skólans, sbr.

4. gr.**■ 4. gr.**

- Kirkjuráð skipar skólaráð Skálholtsskóla til fjögurra ára í senn.
- Nánari ákvæði um starf og rekstur Skálholtsskóla skulu tilgreind í samþykktum hans sem kirkjuráð setur.

■ 5. gr.

- Lög þessi öðlast þegar gildi. . . .

■ Ákvæði til bráðabírgða.

- Lög þessi skulu endurskoðuð innan fjögurra ára með hliðsjón af endurskoðun samkomulags um rekstur Skálholts-skóla, dags. 1. desember 1992.